

Þá er sumri lokið og vetrarstarfið komið í gang. Ritstjóri vill hvetja lesendur til að senda inn greinar og ábendingar um efni sem gagn og gaman er að.


# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 10. tbl. 7. árg. 19. september

## Niðurstöður læsissskimana í skólum Akureyrar 2006–2012.


Í tilefni fréttu um dalandi lestrarfærni reykvískra barna í 2. bekk hefur Miðstöð skólaþróunar HA tekið saman tölur úr læsisprófum sem lögð hafa verið fyrir í Akureyrarskólunum undanfarin átta ár.



### Niðurstöður fyrir 1. bekk:

Í fyrsta bekk eru lögð fyrir þrjú læsispróf, *Læsi I, II og III*. Á mynd 1 má sjá niðurstöður úr *Læsi III* sem lagt er fyrir 1. bekk að vori. Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugu leiðsagnarmati og kennslu, ekki sist þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. ná undir 30% árangri. Það er ánægjulegt að sjá að nemendum í þessu neðsta hæfniprepi hefur fækkað síðustu ár. Að öðru leyti virðast árangurstölur nokkuð stöðugar milli ára og náðu um 77% nemenda viðeigandi árangri á síðastliðnu skólaári.


Mynd 1. Niðurstöður úr *Læsi III* sem lagt er fyrir að vori í 1. bekk.



### Niðurstöður fyrir 2. bekk:

Í öðrum bekk hafa verið lögð fyrir þrjú skimunarpróf á hverjum vetri. *Læsi I og II og Lesmál, mat á lestri og réttitun*. Á mynd 2 má sjá frammistöðu nemenda á Akureyri á prófinu *Læsi II* sem lagt er fyrir í febrúar. Það er sama próf og var til umræðu í fréttunum um daginn í Reykjavík – en í Reykjavík er prófið lagt fyrir í apríl. Þar var efsti þriðjungur miðað við þá sem skorðuðu 65% og hærra. Hér eru mörkin hins vegar lægri (61–100%). En prófið hefur líka verið lagt fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum fyrr en í Reykjavík. Árangur nemenda á Akureyri mælist fremur slakur árið 2006 en stígur upp á við ári síðar og hefur haldist stöðugur undanfarin sjö ár. Sá hópur sem nær undir 30% árangri er mjög lítill, innan við 10% öll árin nema það fyrsta þegar það er 15%.

Mynd 2. Niðurstöður úr *Læsi II* sem lagt er fyrir 2. bekk í febrúar ár hvert.



Mynd 3. Niðurstöður úr *Lesmáli* sem lagt er fyrir 2. bekk í apríl ár hvert.

Ef bera á niðurstöður fyrir Akureyri saman við niðurstöður fyrir Reykjavík, sem verið hafa til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförmu, þarf að hafa í huga að prófið sem lagt er fyrir í Reykjavík í apríl er lagt fyrir á Akureyri í febrúar. Einnig þarf að hafa í huga að ekki er notaður sami kvarði eða flokkun við útreikninga. Á Akureyri er miðað við að nemendur sem ná yfir 60% árangri standi vel í lestri en viðmiðið er 65% í Reykjavík. Þar sem prófið er lagt fyrir tveimur mánuðum fyrr á Akureyri og framfarir barna í lestri eru almennt örar á þessum aldri má þó gera ráð fyrir að hlutfall í efsta flokknum sé nálægt því að vera sambærilegt á milli hópanna tveggja. Í vor var hlutfall þeirra barna sem náðu yfir 65% árangri á *Læsi 2* 63% sem er nokkuð lægra en hlutfall þeirra barna á Akureyri sem náðu yfir 60% árangri á prófinu tveimur mánuðum fyrr. Niðurstöður frá Akureyrarskólunum sýna engin merki um afturför í lestri eins og lesa mátti úr gögnum frá Reykjavíkurskólunum. Árangur hefur haldist stöðugur á öllum þeim prófum sem hér voru tekin til athugunar undanfarin fjögur til sjö ár. Nánar verður fjallað um kynjamun í lestrarargetu í næsta tölublaði.

Nánari upplýsingar veitir Jenný Gunnbjörnsdóttir ([jenny@unak.is](mailto:jenny@unak.is)) forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar við HA.

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Myndir augnabliksins eru frá sulludegi á leikskólanum Tröllaborgum og eins og sjá má var blíðskaparveður þennan dag.



### Grenndargalið.

Leitin að Grenndargralinu 2013 hófst föstudaginn 13. september. Í ár er Leitin valgrein og er það í fyrsta skipti frá því að fyrsta Leitin fór fram haustið 2008.

Þrátt fyrir nýtt fyrirkomulag er Leitin að Grenndargralinu í boði fyrir alla nemendur í 8.-10. bekk í grunnskólum Akureyrar, óháð því hvort þeir völdu hana sem valgrein eða ekki.

Þrautirnar tíu munu birtast á heimasíðu Leitarinnar [www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is) á föstudögum kl. 18:00 auk þess sem fréttir og tilkynningar munu birtast á [facebook-síðu](#) Leitarinnar.

Umsjón með Leitinni hefur Brynjar Karl Óttarsson.

Framundan eru 10 vikur fullar af spennandi viðfangsefnum.

Foreldrar og aðrir sem koma að uppeldi barnanna “sem taka þátt í Leitinni” eru hvattir til að aðstoða þau við úrvinnslu þrautanna.

Leitin er góður vettvangur fyrir fjölskylduna að koma saman og vinna að sameiginlegu verkefni þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allir geta tekið þátt.



LEITIN AÐ GRENNDARGRALINU

### Innritun leikskólabarna.

Í byrjun september hafa 284 börn innritast í leikskóla bæjarins. Þar af eru 53 börn sem fædd eru árið 2012. Öllum börnum sem fædd eru 2011 hefur verið boðið að hefja leikskólagöngu. Samtals 231 barn hefur fengið pláss í leikskóla þótt ekki hafi í öllum tilfellum verið hægt að koma til móts við foreldra um skóla sem valinn var sem fyrsti kostur. Um 160 börn eru skráð hjá dagforeldrum.

### Greinar í Netlu.

#### Áhugi og nýting á námsefninu *Vinir Zippýs* í grunnskólum á Íslandi.

*Vinir Zippýs* er lífsleikninámsefni fyrir 5–7 ára börn sem miðar að því að efla bjargráð ungra barna og hæfni þeirra til að takast á við erfiðleika í lífinu. Embætti landlæknis stóð fyrir nafnlausri netkönnun á meðal starfsfólks grunnskóla til að kanna núverandi stöðu og nýtingu á námsefninu hér á landi. Niðurstöður sýna að góð reynsla er komin á kennslu námsefnisins *Vinir Zippýs* í grunnskólum landsins og þeir sem hafa reynslu af kennslu þess greina frá mikilvægum ávinningi fyrir börn. Vert er að hvetja kennara í leikskólum og yngsta stigi grunnskóla til þess að kynna sér þetta námsefni.

Höfundur: Sigrún Danielsdóttir.

<http://netla.hi.is/greinar/2013/alm/002.pdf>

**Samvinna kennara: Samvinnunámsteymi í Öldutúnsskóla skólaárin 2010–2012.** Greinin fjallar um hóp grunnskólakennara sem þróaði starf sitt með samvinnunámi í kennslu. Hópurinn varð til í tengslum við meistaraþrófsritgerðir höfunda sem þeir skrifuðu veturinn 2010–2011. Um er að ræða tvær sjálfstæðar starfendaránnsóknir sem tengdust á þann hátt að rannsakendur tóku báðir þátt í þróunarvinnu í samvinnu við aðra kennara um að auka hlut samvinnunáms í skólustarfinu.

Höfundar: Hildigunnur Bjarnadóttir og Margrét Sverrisdóttir.

<http://netla.hi.is/greinar/2013/alm/001.pdf>

### Lífsleikni - Námskeið á Akureyri.

Föstudaginn 27. september verður haldið eins dags hagnýtt námskeið á Akureyri fyrir kennara um um lífsleikniefnið **Að vaxa úr grasi 1–5 og Að ná tökum á tilverunni**. Þátttakendur öðlast réttindi til að nota báða flokkana í kennslu.

Námskeiðið verður föstudaginn 27. september n.k.

- **Tími:** 9:00 til 17:00
- **Staður:** Akureyri, nánari staðsetning auglýst síðar.
- **Umsjón:** Aldís Yngvadóttir

Nánari upplýsingar á: <http://www.nams.is/um-namsgagnastofnun/frettir/frett/2013/09/09/>